

Fundargerð skipulagshóps Nýtingaráætlunar strandsvæðis Arnarfjarðar.

Annar fundur skipulagshóps. Haldinn á Bíldudal 13. maí 2011 kl 11.30 í félagsheimilinu Baldurshaga.

Mætt voru.

Friðbjörg Matthíasdóttir (Vesturbyggð)

Björgvin Smári Haraldsson (Tálknafjarðarhreppi)

Hálf dán Bjarki Hálf danarson (Ísafjarðarbæ)

Jón Þórðarson (Ferðamálasamtök Vestfjarða)

Bjarni Maríus Jónsson (Félag sjávarjarðaeigenda)

Elías Oddson (bláskeljaklasi á Vestfjörðum)

Kristján G Jóakimsson og Friðrik Friðriksson (Landsamband íslenskra útvegsmanna)

Guðbergur Rúnarsson (Landsband fiskeldisstöðva)

Jörundur Garðarsson (Íslenska kalkþörungafélagið)

Ása Dóra Finnbogadóttir (Íbúasamtök Bíldudals)

Auk þess voru mættir Gunnar Páll Eydal Teiknistofunni Eik og Aðalsteinn Óskarsson Fjórðungssambandi Vestfirðinga.

Aðalsteinn Óskarsson, setti fundinn og fór yfir fundarboð og mætingu fundarmanna.

Forföll boðuðu: Víðir Hólm Guðbjartsson og varamaður fyrir Náttúruverndarsamtök Vestfjarða, Keran St Ólason fyrir Ferðamálasamtök Vestfjarða, fulltrúi rækjusjómannanna í Arnarfirði, Gísli Halldór Halldórsson og Sæmundur Þorvaldsson fyrir Ísafjarðarbæ og Aðalsteinn Magnússon fyrir Tálknafjarðarhrepp.

Kynnt var að Hálf dán Bjarki Hálf dánarson, starfsmaður Ísafjarðarbæjar situr fundinn sem fulltrúi Ísafjarðarbæjar. Kynnt var að Vesturbyggð hefur skipað nýja fulltrúa í skipulagshópinum vegna tímabundinna breytinga í sveitarstjórn. Þeir fulltrúar geta þó ekki setið fundinn í dag en Friðbjörg Matthíasdóttir bæjarfulltrúi í Vesturbyggð er mætt til fundarins. Kynnt var að Elding, félag smábátasjómannanna á norðanverðum Vestfjörðum hefur sagt sig úr skipulagshópnum en fylgist með verkefninu í gegnum smábátafélagið Krók.

Gunnar Páll Eydal, verkefnisstjóri frá Teiknistofunni Eik tók nú við stjórnun fundarins. Gunnar fór yfir dagskrá fundarins, sem hér segir.

Kynning (Gunnar Páll Eydal og Aðalsteinn Óskarsson):

1. Staðan í verkefninu.
2. Aðkoma stofnana, stjórnsýslan og gildi verkefnisins
3. Núverandi nýting – gögn
4. Kynning á niðurstöðu skipulagshóps (greining skipulagshóps – svör og hagsmunaárekstratöflur)
5. Áætlun
6. Umræður

Vinna hóps

1. Núverandi nýting kortlögð og hagsmunaárekstrar skoðaðir
2. Matur
3. Umræður um greiningu skipulagshóps - valdir þættir
4. Leiðarljós – framtíðarsýn

Gengið var til dagskrár og vísast til minnispunkta af fundinum. Hlé var gert á fundinum kl 13 – 13.30.

Boðað verður til nýs fundar um miðjan júní eða í ágúst n.k. Tímasetning ræðst m.a. af árangri við gagnasöfnun og úrvinnslu gagna.

Fundi slitið kl 15.05.

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Óskarsson, Fjórðungssambandi Vestfirðinga.

Minnispunktur skipulagshóps Nýtingaráætlunar strandsvæðis Arnarfjarðar.

Annar fundur skipulagshóps. Haldinn á Bíldudal 13. maí 2011 kl 11.30 í félagsheimilinu Baldurshaga.

KYNNING

Staðan í verkefninu

Gunnar Páll fór yfir stöðuna í verkefninu. Lýsti því sem búið er að gera í grófum dráttum, m.a. fjármögnun, úrvinnslu greiningu skipulagshóps, söfnun grunnupplýsinga, kortlagningu núverandi nýtingar, kynningu og aðferðafræði verkefnisins.

Gildi og markmið

Aðalsteinn rakti ný lög sem hafa verið að taka gildi og hafa áhrif á vinnu skipulagshópsins, skipulagslög, mannvirkjalög og lög um stjórn vatnamála. Fulltrúar frá vestfirskum sveitarfélögum hafa setið fyrir hönd sambands íslenskra sveitarfélaga í starfshópi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, til að fjalla um *lög og reglugerðir sem og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem gilda um framkvæmdir og athafnir með ströndum landsins og í efnahagslögsögunni*. Starfshópurinn mun skila niðurstöðum á næstu vikum. Gert er ráð fyrir að auka samráð þeirra stofnana sem koma eiga að framkvæmd laganna. Gildi þess að vinna nýtingaráætlun felst í að ná fram upplýsingum og umræðu og koma síðan á framfæri sjónarmiðum þeirra sem hagsmuna eiga að gæta um nýtingu fjarðarins. Áætlunin hefur í dag ekkert lögformlegt gildi en stefnt er að hún verði viðauki við svæðisskipulag sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Ása Dóra spurðist fyrir um gildi verkefnis fyrir íbúa t.d. skiptingu svæða fyrir fiskeldi. Almunnar umræðum um málefnið. Til máls tóku Aðalsteinn Óskarsson, Friðbjörg Matthíasdóttir og Jón Þórðarson.

Núverandi nýting - gögn

Gunnar lýsti gögnum og sýndi dæmi um gögn sem hafa verið unnin, m.a. frá Hafrannsóknarstofnun. Gögnin leggja grunn að frekari vinnu hópsins.

Kynning á niðurstöðu skipulagshóps (greining skipulagshóps – svör)

Gunnar lýsti greiningu skipulagshópsins, þ.e. niðurstöðum við spurningunum sem dreift var á síðasta fundi hópsins í nóvember 2010. Fjallað var um:

- Bakgrunnsgögn og upplýsingar
- Stjórnsýslu og áætlanir
- Núverandi og hugsanlega nýtingu
- Umhverfisáhrif, verndun og mengun
- Áhrif á efnahag og samfélag
- Hagsmunaárekstra
- Innviði
- Viðhorf til sjálfbærni, virði svæðisins og ávinning áætlunarinnar

Áætlun

-Áætlun verkefnisins m.t.t. einstakra verkþátta. Fyrir næsta fund verður ráðist í ítarlegri skráningu á núverandi nýtingu í Arnarfirði.

Umræður

Til máls tók Ása Dóra, ræddi skilgreiningu á sjálfbærni og tengsl við verkefnið.

VINNA SKIPULAGSHÓPS

Núverandi nýting kortlögð og hagsmunaárekstrar skoðaðir

Lagðar fram töflur og kort. Fulltrúar beðnir um að merkja inn með nákvæmum hætti núverandi nýtingu í þeirri grein sem þeir standa fyrir. Einnig voru þeir beðnir um að skoða hagsmunaárekstratöflu (niðurstaða skipulagshóps) m.t.t. sinnar greinar með gagnrýnu hugarfari. Í kjölfarið voru umræður um niðurstöðurnar í töflunni. Umræður voru einnig um hversu vel hún lýsi þeim vandamálum sem eru til staðar.

Jón Þórðarson: Finnst vanta inn í grunnvinnuna upplýsingar um Arnarfjarðar, lífríki, náttúru og landslag. Vill fá að sjá ítarlegt erindi um þessa þætti til að varpa ljósi á þessa þætti. Gunnar segir að tekið verði til skoðunar að fá inn erindi um þessa þætti.

Bent var á að ankeri sem lögð eru út geti orðið til vandræða fyrir fiskveiða ef starfsemi hættir. Guðbergur benti á að ankerum og öðrum búnaði til að festa við botn skuli lýst í rekstarleyfum (svo sem fiskeldiskvíar).

Jörundur lýsti hagsmunaárekstri á milli kalkþörungasetlagavinnslu, sem er með námuleyfi í Arnarfirði, og fiskeldis. Um er að ræða úthlutun 200 tonna leyfis í Fossfirði þar sem staðsetning var yfir kalkþörungasetlögum. Gerð var athugasemd við leyfið og vísaði Fiskistofa til upplýsingaskorts. Staðsetning var síðan endurskoðuð en ekki nægjanlega að mati kalkþörungafélagsins. Kalkþörungafélagið telur að þetta valdi vanda við dælingu úr setlögum.

Jón, taldi að ankeri fyrir fiskeldiskvíar lægju nú dýpra en kalkþörungasetlög og því ættu ekki að vera árekstrar. Jón lýsti hugsanlegum hagsmunaárekstrum fiskeldis og rækjuveiða þar sem eldið muni loka mikilvægum veiðisvæðum. Þær kvíar sem verið væri að setja niður fram af Dufansdal hefðu þó ekki áhrif hvað þetta varðar.

Kristján telur augljóst að veiðar geta skarast við fiskeldi ef farið er inn á góða veiðislóð.

Guðbergur segir að möguleikar til fiskeldis í kvíum, séu hugsanlega takmarkaðri í Arnarfirði en til þessa hefur verið talið. Eftir yfirferð í málinu væru vísbendingar um að tveir staðir í firðinum kæmu helst til greina.

Ása Dóra: Ný starfsemi ætti sem minnst að skarast við aðra starfsemi sem er til staðar í dag. Fiskeldi í Arnarfirði ætti að hafa sem mest margfeldisáhrif innan Arnarfjarðar.

Guðbrandur: Áætla má að 2-3 störf þurfi við framleiðslu á 1.000 tonnum af laxi, þar fyrir utan skapast störf við slátrun og þökkun auk margfeldisáhrifa af starfseminni.

Kristján: Mikilvægt er að horfa til hagrænna áhrifa, að hagstætt sé fyrir fjárfesta að koma að verkefnum.

Ása Dóra: Mikilvægt er að vera á varðbergi, því ekki er sjálfgefið að hagræn áhrif gagnvart fjárfestum séu sett umfram aðra aðila, s.s. íbúa.

Friðbjörg: Verið er að veita starfsleyfi fyrir allt að þrisvar sinnum 200 tonna leyfi [til tengdra aðila] og virðist sem hefja eigi rekstur á grundvelli þeirra. Sömu aðilar eru að sækja um stærri leyfi.

Elías: Upphafleg markmið með 200 tonna leyfum var að gefa aðilum tækifæri til að gera tilraunir með eldi á ákveðnum stöðum en ekki hefði verið útlistað hvernig standa ætti að framhaldi mála.

Bent var á að 200 tonna leyfi geti skilið eftir sig „mannvikri“ á botni ef illa fer. Er þetta dæmi um veikleika í kerfinu.

Jón Þórðarson: Telur að ofmetið sé að dragnótarveiðar skarist verulega við aðrar greinar eins og lýst er í niðurstöðum hópsins (töflu með hagsmunaárekstrum).

Friðrik Friðriksson: Fer lauslega yfir töfluna. Telur að dragnót sé ofmetin, spyr hvort ekki eigi það sama við um togveiðar s.s. rækju. Telur að í mörgum tilvikum megi leysa hugsanlegan ágreining, t.d. með úthlutun svæða.

Kristján bendir á að virkjanir, sem nefndar eru í töflu með hagsmunaárekstrum, séu ekki núverandi nýting heldur fyrirhuguð og eigi því ekki heima þar frekar en fiskeldi. Kristján spyr einnig hvernig menn eigi að koma á fram áhugasemdum. Hann telur hættu á að þessi vinna verði misnotuð í þágu afmarkaðs hóps. Bendir á dragnót í þessu sambandi. Gunnar Páll svarar spurningu Kristjáns.

Jón, telur að dragnótarveiðar hafi skaðað hefðbundin hörpudiskmið í Arnarfirði.

Friðrik telur að gera þurfi betri grein fyrir þeim rannsóknnum eða rökstuðningi sem liggja kann til grundvallar niðurstöðum (í fyrrnefndri töflu).

Bjarni bendir á að æðarvarp geti átt í erfiðleikum ef dragnótarveiðar séu stundaðar í nágrenni þess.

Gunnar bendir á að taflan hafi verið sett fram til að fá umræður um hvaða greinar vinni saman og hvar kunni að vera hagsmunaárekstrar. Farið verð ítarlegar yfir einstök atriði síðar í vinnuferlinu. Einnig kallaði hann eftir hugsanlegum grunnögnum er geta hjálpað til við ákvarðanatöku, svo sem áhrif nýtingar m.t.t. samfélags, efnahags og umhverfis.

Matarhlé (40 mínútur)

Umræður um greiningu skipulagshóps – valdir þættir

- Spurningu varpað fram: Er pláss fyrir alla þessa nýtingu?

Friðrik: Í gildi eru lög um stjórn fiskveiða sem fela í sér skipulag um nýtingu nytjastofna í firðinum og rekast á við komandi nýtingu eða nýtingu sem er að fara af stað skv. þessari nýtingaráætlun, þannig að um árekstur tveggja sviða er að ræða.

Jón: Samskiptaleiðir eru líka mjög mikilvægar og ættu að vera hluti af niðurstöðum verkefnisins. Nýtingaráætlun mun ekki breyta hér miklu gagnvart núverandi lögum. Náttúran getur breyst á einu ári, dæmi þorskgegn. Vísaði til ársins 2002 þar sem til umræðu kom að stofna samráðsvettvang og finna úrskurðaraðila.

Friða: Gott að fá skýr markmið í nýtingaráætlun.

Umræður um hvernig framhaldið verður m.t.t. ákvarðanatöku eftir að nýtingaráætlunin hefur verið samþykkt. Einnig rætt um hversu skýr / sveigjanleg slík áætlun ætti að vera.

Gunnar bendir á að það sé hans skoðun að í skipulagi eigi að reyna að hafa skýr ákvæði og skýra framtíðarsýn. Svo þurfi að skoða í hverju tilviki fyrir sig hvort fyrirliggjandi umsóknir falli að áætluninni. Geir þær það ekki þarf að veita og meta hvort breyta eigi ákveðnum þáttum í áætluninni. Forðast eigi að breyta grundvallaratriðum hennar nema í kjölfar ítarlegrar endurskoðunar hennar í heild. Hér ættu að gilda sömu lögmál og við meðhöndlun skipulagsáætlana. Hluti af niðurstöðum hópsins ættu að fjalla um þessi mál.

- Spurningu varpað fram: Eru einhver ákveðin svæði sem ættu að vera ósnortin eða tekin frá þar sem lítil eða engin / mjög lítil nýting með tilheyrandi umhverfisáhrifum fer fram?

Hálfván Bjarki: Dynjandavogur.

Jón: Langanesgrunn en þar er til dæmis strýtumyndun. Fá verði auknar rannsóknir á þessu svæði. Nefndi einnig holur á hafsbotni í Geirþjófsfirði. Efast um heildarfriðun fjarðarins en þar eru stundaðir veiðar. Málið mætti skoða með tillit til sjávarsýnar, t.d. mannvirkja á yfirborði. Sama ætti við um Dynjandavog og Bíldudalsvog. Vitað er um heita uppsprettu á hafsbotni á svæðinu.

Ása: Sjávarsýn, er mikilvægt atriði fyrir íbúa (mannvirki á yfirborði). Önnur svæði til viðbótar þeim er þegar hefðu verið nefnd væru fjörurnar í Ketildölum.

Friðbjörg: Sjávarsýn er mikilvæg.

Kristján: Atvinnustarfsemi hefur fegurð í sér - „búsældarleg svæði“.

Jörundur. Kalkþörungaverksmiðjan hefur námaleyfi í Arnarfirði. Langanesgrunn er eitt þeirra svæða sem nýtt eru. Í dag er unnið á einu svæði sunnanvert á Langanesgrunni. Þar

færi einnig fram rannsóknarvinna með að markmiði að sjá hvaða áhrif kalkþörunganám hefur á lífríkið.

Kristján. Eru til tölur um hagræn áhrif viðkomandi greina? Gunnar segir að slíka gögn séu takmörkuð. Aðalsteinn bendir á að taka ætti þetta út sem sérstakt viðfangsefni innan þessa verkefnis.

Elías: Mikilvægt er að auka áhrif íbúa á þróun efnahags í héraði og færa vald heim í hérað.

– Kynntar hugmyndir um hvernig hægt er að lágmarka hagsmunaárekstra: Með því að horfa til svæða – tíma – ákvæða í greinargerð.

Bent á að nýting æðarvarps væri háð árstíma líkt og nýting tengd ferðaþjónustu og smábátaveiða.

Jörundur: Kalkþörungaverksmiðjan hefur skýrt afmörkuð svæði námuleyfis og eiga að þrengja svæðin innan 8 ára frá útgáfu leyfis (6 ár liðin). Í dag er verið að nota um 2-3% af yfirborði setlaga. Jörundur segist vera með fyrirtæki sem er með leyfi fyrir kræklingi, Haganes og bendir á fimm leyfi fyrir beltispara séu í gildi, beggja megin Fossfjarðar.

Elías: Fjöldi leyfa eru enn virk en án þess að vera nýtt. Ákvæði frumvarps til laga um skeldýrarækt tæki á þessu með tillögu um úthlutun tilraunaleyfa.

Leiðarljós

Gunnar Páll spyr hvort leiðarljós (á glæru) sé lýsandi fyrir niðurstöður hópsins og geti verið grunnur að frekari vinnu. Fjallað um orðalag en einnig rætt um skilgreiningu á gestum og íbúum. Hópurinn samþykkir leiðarljósið efnislega.

Aðrar umræður

Umræða um skilgreiningu svæðisins og íbúa þess.

Fundurinn samþykkir í megin atriðum innihald og framsetningu sem birt er í greiningu skipulagshóps og að áfram skuli unnið að frekari úrvinnslu gagna. Skiptar skoðanir eru hins vegar um gildi hagsmunaárekstratöflu.

Næsti fundur er áætlaður um miðjan júní eða eftir sumarleyfi, eftir framgangi verkefnisins. Kortagrunnur verður þá lagður þá fram.

Athugasemd varðandi hagsmunagreiningu á töflunni. Óskað eftir að frekari rökstuðningur komi betur fram með gögnunum.

Friðrik óskar eftir að fá aðgengi að Hafró gögnunum. Gunnar Páll ræðir við Hafró um aðgengi að þeim.

Fundi slitið kl. 15:05. Minnispunkta ritaði Aðalsteinn Óskarsson.